



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Rimaskóla

Starf skólastjóra Rimaskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 23. mars 2019 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 7. apríl 2019. Ráðið er í skólastjórastöðuna frá og með 1. ágúst 2019.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Rimaskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogaþæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skilufu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Fimm sóttu um skólastjórastöðuna. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Umsækjendur voru Friðþjófur Helgi Karlsson, Marta Karlsdóttir, Mikael Marínó Rivera og Þórunn Rósa Ólafsdóttir.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tóku gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra sem haldinn var 10. maí 2019 gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Þórunna Rósa Ólafsdóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Rimaskóla.

Þórunna lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1995, diplóma frá KHÍ í tölvu- og upplýsingatækni 2000, diplóma frá KHÍ í uppeldis- og menntunarfræðum 2001. Hún lauk meistaragráðu frá Háskóla Íslands í uppeldis og menntunarfræðum með áherslu á leiðtogafræði, nýsköpun og stjórnun árið 2014.

Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 6 ár, sem deildarstjóri í 4 ár, sem aðstoðarskólastjóri í 2 ár og sem skólastjóri í 12 ár.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Þórunnu Rósu Ólafsdóttur skólastjóra við Rimaskóla frá 1. ágúst 2019.